



# Skýrsla starfshóps um starfsemi Vinjar

---



## Forsaga

Í framkvæmdaáætlun Rauða kross hreyfingarinnar 1990-2001 var ákveðið að bæta hag þeirra sem minnst mega sín og þar á meðal geðfatlaðra. Myndaður var starfshópur til að kanna hvernig mætti bæta hag geðfatlaðs fólks og í framhaldi var Vin stofnuð, árið 1993 og er starfsemin því 30 ára um þessar mundir<sup>1</sup>. Vin var fyrsta úrræðið sem opnað var sérstaklega með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun geðfatlaðs fólks og stuðla að valdeflingu þeirra sem sóttu starfsemina. Seinna opnaði Rauði krossinn athvörfin Dvöl í Kópavogi, Læk í Hafnarfirði og Laut á Akureyri. Rauði krossinn hefur alfarið dregið sig úr rekstri þessara athvarfa sem nú eru rekin af viðkomandi sveitarfélögum. Í samtölum við forsvarsmenn Dvalar, Lækjar og Lautar kemur fram að búið er að endurskilgreina starfsemina í þessum athvörfum og er gestahópurinn nú skilgreindur sem einstaklingar sem búa við félagslega einangrun.

Þegar horft er til síðustu 30 ára má segja að mikil þróun hafi orðið, bæði á búsetuformi geðfatlaðra einstaklinga og einnig á þeirri hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar í starfi með geðfötluðu fólki. Með tilkomu Straumhvarfaverkefnis páverandi ríkisstjórnar á árunum 2006 – 2010 lagðist búseta fólks á geðdeildum að mestu niður og byggðir voru íbúðakjarnar fyrir geðfatlað fólk í sveitarfélögum. Á umliðnum árum hefur að auki byggst upp viðamikil samfélagsþjónusta og eru nú 17 félagsmiðstöðvar reknar í Reykjavík sem hafa m.a. það hlutverk að draga úr félagslegri einangrun fólks. Þá liggur fyrir mikill áhugi á uppbyggingu samfélags húsa í borgarhlutum Reykjavíkur.

Á fundi borgarstjórnar þann 6. desember 2022 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

***SBPC-36 Tillaga um Vin dagsetur.*** Lagt er til að Vin dagsetur verði lagt af en markhópi þjónustunnar mætt með öðru móti á félagsmiðstöðvum borgarinnar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tók við rekstri Vinjar dagseturs í júlí 2022 en Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu hafði rekið það áður með samningi við Reykjavíkurborg. Rauði krossinn ákvað að hætta rekstrinum. Vin er dagsetur fyrir fólk með geðraskanir og er helsta hlutverk Vinjar að draga úr félagslegri einangrun og skapa vinalegt umhverfi fyrir gesti setursins. Þjónusta til að koma til móts við félagsstarf verður útfærð í samráði við Geðhjálp.

Í framhaldi af ofangreindri tillögu var sett af stað umfangsmikil vinna við að greina þarfir og stöðu þess hóps einstaklinga sem sækir Vin, dagsetur fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Málefni Vinjar voru rædd á fundi velferðarráðs borgarinnar þann 11. janúar 2023<sup>2</sup> og var ákveðið að setja á laggirnar starfshóp skipaðan gestum Vinjar, fagfólki velferðarsviðs og fulltrúum hagsmunasamtaka.

---

<sup>1</sup> <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/382218/>

<sup>2</sup> Fundargerð velferðarráðs 11. janúar 2023  
<https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/443.%20fundur%20velfer%C3%B0arr%C3%A1%C3%B0s%2011.%20jan%C3%BAar%202023.pdf>

## Vinna starfshóps

Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi sviðsstjóra dagsettu 11. janúar 2023<sup>3</sup>. Starfshópurinn skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri og jafnframt hópstjóri
- Andri Vilbergsson, verkefnastjóri í vettvangsgeðteymi velferðarsviðs og Landspítala
- Elín Ebba Ásmundsdóttir, varaformaður Geðhjálp
- Halldóra Pálsdóttir, forstöðumaður Vinjar
- Hörður Jónasson, fulltrúi notenda
- Kári Auðar Svansson, fulltrúi notenda
- Kristín Bjarnadóttir, fulltrúi notenda
- Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Vesturmiðstöðvar, varamaður Sigprúðar var Helgi Þór Gunnarsson, deildarstjóri Vesturmiðstöð.
- Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ, varamaður Þuríðar var Bergþór H. Þórðarson, varaformaður ÖBÍ

Starfsmaður hópsins var Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks.

Þær breytingar urðu á fulltrúum notenda að Garðar Sölvi Helgason tók við af Kára Auðari Svansson og vegna mikils áhuga bættust þeir Ólafur Thorsson og Hjámar Hrafn Sigurvaldason í hópinn og sóttu nokkra fundi.

Í upphafi starfsins voru haldnir tveir fundir með fulltrúum notenda í Vin til að tryggja viðeigandi aðlögun. Á þessum fundum var farið yfir verkefnið framundan og hlutverk fulltrúa hópsins. Forstöðumaður Vinjar var þátttakandi á þessum fundum.

Einnig var haldinn sér fundur með starfsfólki Vinjar 9. janúar 2023 til að ræða tillögu borgarstjórnar og fara yfir þá vinnu sem hafði farið fram um starfsemi Vinjar á árinu 2021. Alls urðu formlegir fundir starfshópsins sjö frá 31. janúar til og með 21. mars auk þess sem farið var í heimsóknir í Læk í Hafnarfirði og Dvöl í Kópavogi. Þá var haldinn rafrænn fundur með forstöðumanni og verkefnastjóra í Laut á Akureyri. Fundarmenn fengu að auki kynningu á fyrirkomulagi samfélagshúsanna að Aflagrandi, Vitatorgi og Bólstaðahlíð.<sup>4</sup>

Fundir starfshópsins voru líflegir og fræðandi og komu mörg sjónarhorn og ýmsar skoðanir fram hjá fulltrúum sem öll voru virk í fundarstarfinu. Strax í upphafi kom í ljós andstaða við fyrirhugaðar breytingar, bæði hjá starfsfólki og gestum Vinjar. Það voru einkum eftirfarandi þættir sem starfsfólk og gestir Vinjar höfðu áhyggjur af. Í fyrsta lagi staða þeirra sem nýttu sér starfsemi geðklofahópsins sem er sjálfshjálpahópur undir stjórn fagaðila. Í öðru lagi höfðu gestir Vinjar áhyggjur af framtíð skákmótisins sem mjög margir hafa komið að og sem komst í fyrstu deild á skákmóti helgina 17. – 20. mars sl. Í þriðja lagi voru áhyggjur af því að gestir Vinjar myndu ekki treysta sér til sækja aðra starfsemi en þá sem nú er á Hverfisgötu 47 af ótta um að mæta fordómum

<sup>3</sup> Erindisbréf starfshóps, dagsett 11. janúar 2023

<sup>4</sup> Kynning Sigríðar Arndísar Jóhannesdóttur, 7. mars 2023

og skilningsleysi. Þá voru áhyggjur af framtíð ferðafélags sem rekið er af gestum Vinjar með aðstoð starfsfólks. Þess skal getið að á fundum starfshópsins kom fram mikil ánægja gesta Vinjar með starfsfólkið og starfsemina á Hverfisgötu og var mönnum tíðrætt um heimilisbraginn og notalegt viðmót.

Talsverð umræða fór fram á fundum starfshópsins um inngildinguna andspænis aðgreiningu fólks með geðfötlun þegar kemur að félagsstarfi og voru þau mál rædd út frá mismunandi sjónarhornum. Fulltrúar hópsins voru sammála um að gott væri að stefna að inngildingunni en að gæta þyrfti að sérstöðu hópsins.

Þessi mál voru krufin á fundum starfshópsins og í lok starfsins náðist sátt um að starfshópurinn myndi skila inn sameiginlegri niðurstöðu. Þess má geta að þrátt fyrir sameiginlega niðurstöðu starfshópsins kom fram sterkt ákall um óbreytta starfsemi Vinjar. Vinna starfshópsins var lýðræðisleg og málefnaleg, þátttakendum gafst kostur á opnum umræðum og allir fengu tækifæri til að leggja fram sviðsmyndir að tillögum um framtíð Vinjar<sup>5</sup>.

## Niðurstaða starfshóps

Á lokafundi starfshópsins bar hópstjóri upp eftirfarandi tillögu sem öll lýstu sig sammála:

*Starfsemi Vinjar er mikilvæg og hefur nýst gestum sem sækja staðinn vel. Núverandi húsnæði Vinjar er ekki aðgengilegt og uppfyllir ekki kröfur um aðgengi út frá algildri hönnun. Brynt er að skilgreining á starfseminni verði víkkuð og náí til þeirra sem eru félagslega einangraðir. Kjarnastarfsemi Vinjar sem er fólgin í stuðningi við einstaklinga með alvarlega geðrofssjúkdóma þarf að halda sér. Fulltrúar hópsins töldu að ef starfsemi Vinjar yrði samþætt annarri starfsemi þá væri afar mikilvægt að það væri í hlutlausu húsnæði, þ.e. að starfsemi Vinjar yrði ekki flutt inn í hefðbundna félagsmiðstöð í rekstri velferðarsviðs heldur myndi flytja ásamt annarri starfsemi í „nýtt“ húsnæði þar sem allir hefðu jafna stöðu frá upphafi. Ef af uppbyggingu samfélagshúsa í borgarhlutum yrði þá gæti starfsemi Vinjar fundið sér stað í slíku fyrirkomulagi. Slíkt fyrirkomulag myndi tryggja samstarf við aðra aðila sem og flæði í tilboðum.*

F.h. starfshóps um starfsemi Vinjar,

Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks

---

<sup>5</sup> Kynning á sviðsmyndum / tillögum þátttakenda starfshópsins, dagsett 14. mars 2023

Fylgiskjöl:

1. Erindisbréf, dags. 11. janúar 2023.
2. Glærुकynning, dags. 7. mars 2023.
3. Glærुकynning, dags. 14. mars 2023.
4. Tillaga Harðar Jónassonar, ásamt fylgiskjali.
5. Tillaga Garðars Sölva Helgasonar.
6. Fundargerðir starfshóps um starfsemi Vinjar, tímabilið 31. janúar – 21. mars 2023.